

### Hlutverk öldungaráð er:

- a) Að gæta hagsmuna íbúa 67 ára og eldri í sveitarfélaginu.
- b) Að vera til ráðgjafar og koma með tillögur til félagsmálanefndar og sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum íbúa 67 ára og eldri.
- c) Að starfa í umboði sveitarstjórnar Djúpavogshrepp ásamt því að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði þau mál sem ráðið telur mikilvæg og falla undir hlutverk og markmið ráðsins.
- d) Öldungaráð hefur ekki stöðu fastanefndar sveitarfélagsins. Kjör fulltrúa í ráðið fer fram á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum og með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.
- e) Á fyrsta fundi ráðsins kýs það formann, varaformann og ritara úr sínum röðum.
- f) Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Þrír aðalmenn og þrír til vara skipaðir af sveitarstjórn. Þrír aðalmenn og þrír til vara skipaðir af Félagi eldri borgara í Djúpavogshreppi og heilsugæslan tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa. Kjörtímabil öldungarráðs er hið saman og sveitarstjórnar.
- g) Um ritun fundargerðar öldungaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerðar í öðrum nefndum sveitarfélagsins.
- h) Aðalmönnum er skylt að sækja alla fundi öldungaráðs nema lögmæt forföll hamli. Sé aðalmaður forfallaður skal hann boða varamann í sinn stað.
- i) Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu **sveitarstjórnar þann....**